

Nr. 1326

16. desember 2019

AUGLÝSING um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. Að afmarkað verði bifreiðastæði fyrir hópbifreiðar sérmerkt fyrir skólabifreiðar á Barónsstíg framan við Sundhöllina í bifreiðastæðum næst Bergþórugötu.
Skilyrði er að bifreiðastæðið verði merkt samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
2. Að biðstöð hópbifreiða verði við Hagatorg næst Hótel Sögu fyrir Strætó en gerðar eru varúðarráðstafanir á þann veg að akstursleiðin er þrengd í eina akrein með merktri gangbraut á hraðahindrun aftan við biðstöðina. Gangandi vegfarendur eru leiddir á göngustígum um miðju hringtorgsins á merktum gangbrautum hringtorgsins að nærliggjandi götum. Ákvörðun er tekin með öryggi gangandi vegfarenda að leiðarljósi.
Skilyrði er að biðstöðin verði merkt samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 16. desember 2019.

Hulda Elsa Björgvinsdóttir staðgengill lögreglustjóra.

B-deild – Útgáfud.: 8. janúar 2020